

Reykjavík, 3. júní 2019

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um 753. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun).**

Hinn 25. mars sl. lagði sjötti þingmaður Suðvesturkjördæmis, Gunnar Bragi Sveinsson, ásamt öðrum þingmönnum Miðflokksins, fram frumvarp á Alþingi til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Frumvarpið innheldur eina efnisgrein þar sem lagt er til að smásölufyrirtækjum á sviði matvæla verði gert skylt að tryggja neytendum upplýsingar um upprunaland matvæla og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi með merkingum í sölurýmum. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar hinn 13. maí sl. Hinn 20. maí sl. barst SVP – Samtökum verslunar og þjónustu beiðni um umsögn um frumvarpið.

Í sem allra stystu máli styðja SVP almennt viðleitni til þess að veita neytendum upplýsingar um söluvörur. Í ljósi meðalhófsjónarmiða þarf löggjafinn hins vegar að gæta þess við útfærslu íþyngjandi lagaskyldna að með þær stuðli að því markmiði sem að er stefnt og ekki sé of langt gengið við útfærsluna.

Yfirlýst markmið frumvarpsins er að bæta miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla til neytenda. Með framangreint í huga telja SVP rétt að koma nokkrum ábendingum á framfæri.

Gildissvið efnisákvæðis frumvarpsins nær til *matvæla*. Undir það hugtak falla hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið *matvæli* tekur einnig til drykkja, tyggigúmmís og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna. Af því leiðir að merkingarskyldan verður afar víðtæk og gífurlega erfið framkvæmdar einkum í matvöruverslunum sem sumar hverjar hafa tugþúsundir vara á boðstólum. Í því ljósi vakna annars vegar spurningar um hvort það sé í raun framkvæmanlegt að koma svo miklu magni upplýsinga á framfæri við neytendur í sölurými verslana og hins vegar hvort upplýsingaflóðið verði ekki einfaldlega svo mikið að aðgerðin missi marks.

Í núverandi viðskiptaumhverfi er algengast að smásöluaðilar kaupi matvæli frá innflutningsfyrirtækjum eða framleiðslufyrirtækjum innanlands. Smásöluaðilarnir hafa hins vegar hvorki aðkomu að innflutningi eða framleiðslu og munu því augljóslega eiga í vandræðum með að útvega þær upplýsingar sem birta þarf. Í öllu falli stendur það innflytjendum og erlendum jafnt sem innlendum framleiðendum nær að veita upplýsingarnar og því væri mun nær að í frumvarpinu væri kveðið á um skyldu innflytjenda og framleiðenda til að skila slíkum upplýsingum af sér til neytenda og e.t.v. smásala.

Þar sem íslensk lög binda almennt ekki erlenda framleiðendur er einnig hætt við að erfitt verði um vik að afla upplýsinganna. Verði niðurstaðan sú að aðeins innlendir framleiðendur verði í færum til að

úttega upplýsingarnar skapast einnig hættu á að frumvarpið hafi tæknilega hindrun í för með sér og þá kann að reyna á skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum.

Þá er rétt að geta þess að smásöluverslunin er tæknilega komin mun lengra þegar að upplýsingagjöf til neytenda kemur en útfærsla frumvarpsins ber með sér. Er í því samhengi t.d. hægt að benda á þróun sem á sér stað um þessar mundir á vettvangi GS1 kerfisins. Ef fram fer sem horfir munu neytendur geta sótt sér ítarlegar upplýsingar um matvæli og aðrar söluvörur með strikamerki í gegnum gagnalaug. Með símann að vopni á neytendum því innan tíðar að verða mögulegt að taka afar upplýstar ákvarðanir við matarinnkaup. SVP hvetja atvinnuveganefnd til þess að kynna sér ítarlega þá þróun sem á sér stað á vettvangi GS1 um þessar mundir en þess má geta að mörg kassakerfi matvöruverslana eru þegar undirbúin undir innleiðingu nýjustu GS1 tækni.

Loks er rétt að benda nefndinni á að um þessar mundir á SVP sæti í samráðshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um betri merkingar matvæla sem komið var á laggimar í kjölfar undirritunar samkomulags milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Bændasamtaka Íslands, Neytendasamtakanna, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka iðnaðarins. Hópurinn hefur víðað að sér góðri þekkingu á merkingarmálum matvæla, m.a. í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga og tækniþróunar.

**Í ljósi alls framangreinds hvetja SVP atvinnuveganefnd til þess að leggja til að frumvarpinu verði vísað til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til nánari skoðunar í samráðshópi um betri merkingar matvæla.**

Virðingarfyllst,

F.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Benedikt S. Benediktsson*  
*lögfræðingur*